

1873.

13. maí.

um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, en það, sem hann að öðru leyti hefir sókt um, verður ekki veitt, nema hann taki læknispróf það, sem haldið er á Íslandi.

15. maí.

32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um tíundagjald af Möðrudal.¹

Útaf bænarskrá nokkurri, sem amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands háfði sent dómsmálastjórninni, og þar sem Sigurður bóndi Jónsson í Möðrudal í Jökulsdalshrepp hefir sókt um að verða undanþeginn að greiða konungstíund af tæðri jörð með tilheyrandi hjáleigum, og að sér verði borgað aptur það tíundagjald, sem hann þykist hafa greidt um of, með því jörðin hafi fyrrum verið stólsjörð frá Skálholti, og það hafi verið tekið fram með berum orðum í uppboðsskilmálunum, þegar seldar voru stólsjarðirnar frá Skálholti og Hólum, að þær framvegis skyldi njóta hins sama tíundafrelsis eins og áður, meðan þær heyrðu undir stólsgózið, úrskurðaði dómsmálastjórnin í bréfi til fyrnefnds amtmanns, dagsettu 28. febrm. þ. á., að eptirleiðis skyldi hvorki heimta konungstíund af jörðunni nè hjáleigunum, og að tíundagjald, sem goldið væri í fardögum 1871 og 1872, skyldi borgað aptur, ef það væri komið í landssjóðinn, og sá sjötti partur, sem sýslumaður hafi tekið í innheimtulaun, skyldi greiddur aptur sækjandanum, en því var bætt við, að málið, að því leyti er snerti þau tíundagjöld, sem greidd væri á fyrri árum, væri sent fjárhagsstjórninni til úrskurðar, með því þau gjöld væri borguð til ríkissjóðsins.

Eptir að fjárhagsstjórnin nú hefir látið í ljósi, að hún sjái sér eigi fært að koma því til leiðar, að tíundagjöld þau, sem greidd eru fyrir tímenn fyrir árið 1871, verði goldin sækjandanum aptur, mælumst vör til, að þér, herra landshöfðingi, annist um, að hlutadeiganda verði birtur þessi úrskurður fjárhagsstjórnarinnar.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 220 og 585.